

## L Ö G

67

7. maí

um framlenging á gildi laga nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Lög nr. 66 11. júní 1938 skulu gilda til ársloka 1941.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## L Ö G

68

7. maí

um náttúrurannsóknir.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til rannsókna á náttúru landsins.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur, að fengnum tillögum rannsóknaráðs, veitt erlendum fræðimönnum heimild til að stunda rannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samstarf við íslenzka fræðimenn og láti þeim í té skýrslu um árangur rannsókna, samkvæmt fyrirætlum, sem ríkisstjórnin setur með reglugerð.

3. gr.

Þeir, sem rannsóknir stunda, skulu forðast óþarfa átroðning á landi annara manna, og skylt er þeim að greiða bætur fyrir þann skaða, er þeir kunna að valda.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það eiganda eða umsjármanni lands þess, þar sem verðmætin eru.

Enginn má taka ólofað í landi annars manns neina þá náttúrugripi, sem fé-mætir teljast.